


Tónvísir

Fréttabréf Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
13. mars 2017

Forskólatónleikar



**Forskólatónleikar í STAPA fimmtudaginn 16. mars.
Allir hjartanlega velkomnir.**

Haldnir verða tvennir tónleikar:

Kl. 17
Akurskóli
Holtaskóli
Myllubakkaskóli

*Nemendur mæti kl. 16.50 í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.
Snyrtilegur klæðnaður og muna eftir blokkflautum.*

Kl. 18
Háaleitisskóli
Heiðarskóli
Njarðvíkurskóli

*Nemendur mæti kl. 17.50 í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.
Snyrtilegur klæðnaður, muna eftir blokkflautum.*

Hljóðfæranám

Forskólanám er m.a. hugsað sem grunnur fyrir hljóðfæranám. Þeir sem hafa áhuga á að stunda hljóðfæranám í Tónlistarskólanum næsta vetur, þurfa að sækja um skólavist. Hægt er að fylla út umsókn á reykjanesbaer.is tonlistarskoli.reykjanesbaer.is eða á skrifstofu skólans. Vakin er athygli á að í Reykjanesbæ er heimilt að nemendur í 3.- 6. bekk stundi hljóðfæranám á skólatíma, óski forráðamenn eftir því. Þetta fyrirkomulag hefur fyrir löngu sannað gildi sitt.

Duglegir nemendur!

Það má með sanni segja að nemendur í 2. bekk Forskóladeildarinnar hafi staðið sig vel við undirbúning tónleikanna. Þeir hafa lært allt utanbókar og það krefst mikillar einbeitingar, vinnu og þolinmæði að ná þeirri samhæfingu sem til þarf.

Kæru nemendur.

Verið dugleg að spila og syngja á hverjum degi.

„Æfingin skapar meistarann“

***Munið lokaæfinguna í Tónlistarskólanum á miðvikudaginn** 😊*

Kl. 16.00 Akurskóli, Holtaskóli og Myllubakkaskóli

Kl. 16.30 Háaleitisskóli, Heiðarskóli og Njarðvíkurskóli

Með bestu kveðjum frá kennurum í Forskóla 2,
Geirþrúði, Hörpu, Jelenu, Jónínu, Sigrúnu Gróu og Tone.

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, Hljómahöll, Hjallavegi 2
Sími 420-1400 Netfang: tonlistarskoli@reykjanesbaer.is
Vefsíða: tonlistarskoli.reykjanesbaer.is

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar er einnig á facebook.
Skrifstofan er opin mán., þrið., fimm. og fös. frá kl. 13-17 og mið. frá kl. 9-13